

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

120. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 7. mars 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð íbúafundar frá 27.02.2013:
3. Skipulagsstofnun – kynning:
4. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar 05.03.2013:
5. Samþykkt um gatnagerðagjald, fráveitugjöld, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Pingeyjarsveit – seinni umræða:
6. Samningar til staðfestingar:
7. Erindi – Ástþór Örn Arnason:
8. Náttúrustofa Norðurlands – ósk um þátttöku í rekstri:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 148. fundar HNE:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Ástu Svavarsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 9. lið; Beiðni um styrk frá Söngfélaginu Sálubót, undir 10. lið; Beiðni um styrk frá Framhaldsskólanum á Laugum, undir 11. lið; Lánaafgreiðsla og til kynningar, fundargerð 804. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð íbúafundar frá 27.02.2013:

Lögð fram fundargerð frá íbúafundi sem haldin var að Ýdölum þann 27. febrúar s.l. vegna samþykktar um búfjárhald í Þingeyjarsveit. Fundargerðin rædd.

Sveitarstjórn vísar fundargerðinni til Atvinnumálanefndar til efnislegrar yfirferðar.

3. Skipulagsstofnun – kynning:

Frestað til næsta fundar.

4. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 05.03.2013:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 5. mars s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. Samþykkt um gatnagerðagjald, fráveitugjöld, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Þingeyjarsveit – seinni umræða:

Lagt fram til síðari umræðu samþykkt um gatnagerðagjald, fráveitugjöld, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Þingeyjarsveit. Skipulags- og byggingarfulltrúi mætti til fundarins undir þessum lið. Samþykktin rædd.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Samningar til staðfestingar:

Lagðir fram tveir samningar til staðfestingar, annars vegar við Umf. Eflingu vegna afnota á túnsvæði við Reykjadal og hins vegar við Útibú ehf. vegna leigu á vallarhúsi og Bæjareyri.

Sveitarstjórn staðfestir samningana.

7. Erindi – Ástþór Örn Árnason:

Tekið fyrir erindi frá Ástþóri Erni Árnasyni dags. 14. febrúar s.l. er varðar fjallskilamál í suður Fnjóskadal „Tungudeild“.

Sveitarstjóra og formanni Atvinnumálanefndar falið að ræða við aðila málsins.

8. Náttúrustofa Norðausturlands – ósk um þátttöku í rekstri:

Tekið fyrir erindi frá stjórn Náttúrustofu Norðausturlands dags. 25. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í rekstri stofunnar fyrir árið 2013.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og óskar eftir fundi með fulltrúa stjórnar Náttúrustofu Norðausturlands.

9. Beiðni um styrk – Söngfélagið Sálubót:

Tekin fyrir beiðni frá Friðriki Jakobssyni f.h. Söngfélagsins Sálubótar dags. 1. mars s.l. þar sem óskað er eftir niðurfellingu á húsaleigu vegna páskatónleika og dansleiks sem Sálubót áætla að halda að Ýdölum þann 30. mars n.k.

Sveitarstjórn hafnar erindinu þar sem Félags- og menningarmálanefnd hefur styrkt Söngfélagið Sálubót nú þegar á þessu starfsári kórsins.

10. Beiðni um styrk – Framhaldsskólinn á Laugum:

Tekin fyrir beiðni frá Valgerði Gunnarsdóttur, skólameistara við Framhaldsskólann á Laugum þar sem óskað er eftir styrk að upphæð kr. 75.000 til niðurgreiðslu á ferðakostnaði.

Framhaldsskólanum á Laugum, nemendum og starfsfólki hefur verið boðið í móttöku að Bessastöðum hinn 11. mars n.k. Hlynur vék af fundi sökum vanhæfis.

Sveitarstjórn samþykkir styrk að fjárhæð kr. 75.000 og þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun sem mætt verður með handbæru fé.

11. Lánaafgreiðsla:

Lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga tekin til afgreiðslu.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 35.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna afborganir sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2013, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er sveitarstjóra, Dagbjörtu Jónsdóttur k.t. 250168-5359, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita lánasamninginn við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyriræli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Í fundarlok samþykkti sveitarstjórn eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn óskar Handverkskonum milli heiða til hamingju með Landbúnaðarverðlaunin 2013 sem veitt voru sunnudaginn 3. mars s.l.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 148. fundar HNE:
- b) Fundargerð 804. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Ólína Arnkelsdóttir

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Arnór Benónýsson

Árni Pétur Hilmarsson

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson